



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2026
USK26010437

Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um hálkuvarnir þann 20. janúar 2026

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 04.02.2026 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um hálkuvarnir, sbr. 23. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 28.01.2026.

- 1. Hvernig var staðið að hálkuvörnum Reykjavíkurborgar dagana fyrir og á sjálfan 20. janúar, m.a. hvað varðar veðurvíðvaranir, vöktun aðstæðna og framkvæmd hálkuvarna?*
- 2. Telur borgin að brugðist hafi verið nægilega tímanlega og með fullnægjandi hætti miðað við aðstæður? Hvenær hófust hálkuvarnir um morgunin þann 20.jan?*
- 3. Hafa farið fram innri úttektir eða greining á því hvort og þá hvað hafi farið úrskeiðis í hálkuvörnum þennan dag?*
- 4. Ef veikleikar komu í ljós, hvaða lærdóm hyggst borgin draga af atburðinum og hvaða aðgerðir verða ráðist í til að draga úr líkum á sambærilegum atvikum í framtíðinni?*
- 5. Var umhverfis- og skipulagssvið í sambandi við Veðurstofu Íslands dagana fyrir 20 jan þar sem upplýsinga aflað um veðurfar 20.jan?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Skrifstofu Borgarlandsins á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.



Reykjavík



Svar við fyrirspurn:

1. Hvernig var staðið að hálkuvörnum Reykjavíkurborgar dagana fyrir og á sjálfan 20. janúar, m.a. hvað varðar veðurviðvaranir, vöktun aðstæðna og framkvæmd hálkuvarna?

Reykjavíkurborg sinnir hálkuvörnum með sólarhringsvöktun í vetrarþjónustu. Vegagerðin er jafnframt með sólarhringsvakt á stofn- og tengibrautum fyrir Reykjavíkurborg, þannig að vöktun og útköll á helstu leiðum eru tvíþætt (stígar annars vegar og götur hins vegar).

Í aðdraganda viðburðarins var fylgst með veðrupplýsingum og jafnframt var Reykjavíkurborg í samskiptum við veðurfræðing sem vinnur sem ráðgjafi fyrir borgina. Spár náðu ekki að sýna úrkomu/frostrigningu í því umfangi sem raungerðist né þann kulda sem raunverulega varð um nóttina. Engu að síður var ákveðið að kalla út vélar á stíga og götur.

Tímalína 20. janúar (samkvæmt vakt og ferilvöktun):

Útkall á stíga í þjónustuflokki 1, kl. 03:45.

Útkall í götur (stofn og tengibrautir) kl. 04:00.

Það byrjaði að rigna um kl. 04:30 og rigndi til kl. 08:30.

Samkvæmt ferilvöktun var búið að salta stíga og götur um kl. 07:30 (fyrsta umferð).

Saltið náði ekki að vinna á úrkomunni (frostrigningunni). Klaki myndaðist á stígum þrátt fyrir að búið væri að salta og götur voru einnig flughálar.

Að frostrigningu lokinni (um kl. 08:30) var gripið til endurtekinnar söltunar og allt tiltækt bolmagn (verktakar og eigin tæki) kallað út til að salta.

Þennan dag var tímabundin truflun/rof í gagnaflæði milli ferilvöktunar og birtingar í Borgarvefsjá, sem gerði það að verkum að ekki sáust allar aðgerðir þar. Fjölmiðlar og einstaklingar sem fylgjast náið með borgarvefsjá varðandi aðgerðir í vetrarþjónustu drógu þess vegna þá ályktun að ekki væri verið að sinna vetrarþjónustu í samræmi við þjónustuhandbókinni um vetrarþjónustu.

2. Telur borgin að brugðist hafi verið nægilega tímanlega og með fullnægjandi hætti miðað við aðstæður? Hvenær hófust hálkuvarnir um morguninn þann 20. janúar?

Hálkuvarnir hófust eftir útkall um kl. 04:30 á stígum og götum sem er í samræmi við útkallstíma samkvæmt samningum. Það er mat stjórnenda að brugðist hafi verið rétt við með því að kalla út í söltun á stígum og götum á þeim tíma sem gert var miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir þegar útköll hófust.



Reykjavík



Mjög sérstakar veðuraðstæður voru í gangi þennan morgun sem varð til þess að aðgerðir vetrarþjónustunnar dugðu ekki til að koma í veg fyrir hálfu og klakamyndun. Atvikin á Bústaðavegi, þar sem mannláusir bílar fóru af stað í hálfu þrátt fyrir söltun undirstrika eðli aðstæðna. Einnig voru aðgerðir ISAVIA á Reykjavíkflugvelli í hálkuvörnum ekki að duga til að tryggja hálkulausa flugbraut og þurfti að vísa flug til Keflavíkur.

Um leið og hætt var að rigna voru allar vélar sem geta sinnt hálkuvörnum kallaðar út í aðgerðir og farið var á alla stíga og götur borgarinnar.

3. Hafa farið fram innri úttektir eða greining á því hvort og þá hvað hafi farið úrskeiðis í hálkuvörnum þennan dag?

Farið hefur fram innri yfirferð á tímalínu útkalla, framkvæmd aðgerða, virkjun tækja og manna og atburðarrás veðurs.

Niðurstaðan er að ekkert bendi til þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis í ákvörðunartöku eða viðbragði.

Meginorsakir hins slæma ástands voru:

Spár vanmátu úrkomu/frostrigningu miðað við það sem raungerðist.

Aðstæðurnar voru þess eðlis að núverandi aðferðir/búnaður (söltun) duga ekki til að tryggja ásættanlega færð á meðan frostrigning af þessu tagi stendur yfir.

Að auki var tímabundin truflun í birtingu ferilvöktunargagna í Borgarvefsjá, sem hafði áhrif á sýnileika aðgerða.

4. Ef veikleikar komu í ljós, hvaða lærdóm hyggst borgin draga af atburðinum og hvaða aðgerðir verða ráðist í til að draga úr líkum á sambærilegum atvikum í framtíðinni?

Í ljósi niðurstöðu innri yfirferðar er rétt að orða þetta sem lærdóm og styrkingu viðbúnaðar við óviðráðanlegar frostrigningaraðstæður. Í samvinnu við Vegagerðina þá verður haldin vinnustofa þar sem veðurfræðingar og helstu sérfræðingar á landinu í vetrarþjónustu munu koma saman og leita lausna til að bregðast betur við þegar svona aðstæður skapast. Þetta er ekki algengur viðburður hér á Íslandi en það er möguleiki að svona viðburðir geti orðið algengari.

Dæmi um aðgerðir sem hægt er að ráðast í sem fyrst er að koma á sértækt viðbúnaðarstig fyrir frostrigningu sem gæti falið í sér:





Umferðarstýring og skýr tilmæli til íbúa við alvarlegustu aðstæður: Við atburði þar sem frostrigning er það mikil að hálkuvarnir hafa takmarkaða virkni, er víða erlendis gripið til lokana á leiðum og almenningur hvattur til að vera ekki á ferðinni. Móta skýrara verklag um tímabundnar takmarkanir/lokanir á völdum leiðum og markvissari tilmæli þegar slík skilyrði skapast.

Bætt upplýsingamiðlun: Hraðari og markvissari upplýsingagjöf um eðli frostrigningar (að árangur söltunar getur tafist þar til úrkoma hættir) og um forgangs röðun leiða.

5. Var umhverfis- og skipulagssvið í sambandi við Veðurstofu Íslands dagana fyrir 20. janúar þar sem upplýsinga aflað um veðurfar 20. janúar?

Fylgst var með opinberum veðrupplýsingum í aðdraganda og til viðbótar var Reykjavíkurborg í beinum samskiptum við Einar Sveinbjörnsson veðurfræðing (ráðgjafi í veðurbjónustu).

F. h. Skrifstofu borgarlandsins

Karl Eðvaldsson
Deildarstjóri reksturs og þróunar
Skrifstofa borgarlandsins
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík